

Safnaðu hæstu tindum Íslands

Hundrað hæstu er spennandi verkefni sem hleypt er af stokkunum á 90 ára afmælisári Ferðafélags Íslands árið 2017. Verkefnið gengur út á tíu ára einstakt ferðalag sem lýkur með því að þátttakendur klára að ganga á hundrað hæstu tinda Íslands sama ár og FÍ verður hundrað ára eða árið 2027.

Allar ferðir Ferðafélagsins þar sem gengið er á tinda sem nái inn á hundrað hæstu listann fá nú sérstaka merkingu í ferðaáætlun FÍ: *Hundrað hæstu* og þátttakendur sem komast á tindana fá það staðfest, skráð og viðurkennt.

Til að fá fjallgönguna sína viðurkennda þarf annað hvort að fá staðfestingu frá fararsjóra eða tveimur ferðafélögum auk þess að geta sýnt GPS feril og/eða ljósmyndir af tindinum.

Páttaka í verkefnið er öllum opin og ekki er skilyrði að vera félagi í Ferðafélagi Íslands. Fólk getur klárað söfnunina á eigin vegum og tekið í það skemmi eða lengri tíma, allt eftir hentugileika.

Allar nánari upplýsingar auk lista yfir hundrað hæstu fjöll landsins er að finna á sérstakri vefsíðu söfnunarinnar og á vefsíðu Ferðafélags Íslands, www.fí.is.

Góður undirbúnингur og ferðaáætlun
ásamt réttum búnaði og leiðarvali
eru lykilþættir í hverri fjallaferð



TINDABÓK

Nafn: _____
Netfang: _____
Sími: _____



www.fí.is

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS